

8. bekkur

Námsgrein: Samfélagsfræði

Kennari: Steinunn Alva Lárusdóttir

Gleði – Samvinna - Sjálfstæði

Markmið

Markmið samfélagsgreina er að stuðla að skilningi nemenda á mörgum þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu.

Unnið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla (2011), hæfniviðmið tengjast grunnþáttum menntunar og er skipt í þrjá flokka, þ.e. reynsluheim, hugarheim og félagsheim.

Reynsluheimur: Að auka skilning nemanda á umhverfi, samfélagi, sögu og menningu.

Hugarheimur: Að þjálfa hæfni nemenda í að átta sig á sjálfum sér og öðrum og styrkja um leið sjálfsmýnd sína.

Félagsheimur: Að auka hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra.

<https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafli-24>

Kennsluaðferð / vinnulag

Skólaárinu hefur verið skipt upp í níu fjögurra vikna lotur. Hverri lotu fylgir lotuáætlun sem skipulögð er út frá þeim hæfniviðmiðum sem verið er að vinna að hverju sinni. Gerð er sú krafa að nemendur fylgi lotuáætlunum og ljúki þeim verkefnum sem þar eru tilgreind.

Lotuáætlanir eru birtar inni á Teams og verkefnum er almennt skilað þar inni nema annað sé tekið fram.

Nemendur vinna ýmist einstaklingsvinnu, í þórum eða hópum eftir verkefnum.

Námsmat

Beitt verður leiðsagnarmati þannig að nemendur verða jafnt og þétt að vinna sér inn einkunn yfir skólaárið. Leitast er við að hafa námsmat fjölbreytt og byggir á viðfangsefnum hverrar lotu fyrir sig. Kennari metur m.a. þátttöku í tíma og virkni nemenda.

Námsgögn

Um víða veröld – heimsálfur

Ýmis önnur verkefni frá kennara

Kvikmyndir sem tengjast námsefni